

## 160. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands

2. september 2008, kl. 13:00 á Austurvegi 56.

Mætt: Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur Áki Ragnarsson, Örn Þórðarson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem ritaðir fundargerð í tölvu.

1. **Söfnun pappírs og endurvinnanlegra efna.**  
Farið yfir málið og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.
2. **Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.**  
Farið yfir fundargerðir verkefnisstjórnar og samþykkt að mæta á sameiginlegan fund 30. september nk. Endurskoðun svæðisáætlunar er að ljúka og umhverfiskýrsla að verða klár til auglýsingar.
3. **Grænt bókhald.**  
Framkvæmdastjóri lagði fram grænt bókhald fyrir Sorpstöð Suðurlands árið 2007. Stjórn samþykkti bókhaldið og verður það sent UST í framhaldi.
4. **Förgun ehf.**  
Borist hafa svör frá þremur sveitarfélögum vegna hlutafjár aukningar í Förgun ehf. Félagsfundur verður haldinn á Hótel Selfossi 16. september 2008, þar sem tillaga um hlutafjár aukning verður tekin fyrir.
5. **Umhleðslustöð.**  
Forsendur frá Mannvit vegna undirbúnings á umhleðslu- og flokkunarstöð kynntar. Næstu skref er að vinna útreikninga við mismunandi lausnir.
6. **Gas.**  
Mælingar fara fram í mánuðinum. Samningur við Metan hf. ræddur.
7. **Erindi frá Kólku.**  
Stjórn samþykkir að verða við ósk Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja um viðræður um frekara samstarf.
8. **Önnur mál.**
  - a) Bréf frá Auðhumlu. Tilkynt að hætt hafi verið við fyrirhugaða byggingu á skrifstofuhúsnæði.
  - b) Bréf frá Árborg. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.
  - c) Reglubundið eftirlit UST 6. júní 2008. Eftirlitsskýrsla lögð fram til kynningar.

Næsti fundur 16. september kl 11:00